

Nd.

705. Framvarp

til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtiðarráðstafana.

Flutningsm.: Jón Jónsson, Þórarinn Benediktsson, Þorleifur Jónsson,
Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Meðan hið óeðlilega háa verð er á vörum vegna Norðurálfríðarins, heimilast bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, að fengnu samþykki meiri hluta atkvæðisbærra manna í sveitamálum og kaupstaða, að jafna niður dýrtiðargjaldi einu sinni á ári, ef brýn þörf er, á alla þá menn í kaupstaðnum eða hreppnum, sem að áliti bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eru svo efnum búnir og hafa svo góðar ástæður, að þeir þurfa alls ekki á dýrtiðarhjálp að halda. Niðurjöfnunargjald þetta skal lagt á menn eftir efnum og ástæðum eins og aukáútsvar.

2. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtiðargjaldið og skifta því svo sanngjarnlega sem unt er milli bágstaddra manna, sem ekki hafa þegið sveitarstyrk. Styrkur þessi skal kallaður dýrtiðarstyrkur og er óendurkræfur. Má alls ekki skoða hann sem sveitarstyrk né neina skerðingu á heiðri og mannréttindum.

Dýrtiðargjald þetta má taka lögtaki.

3. gr.

Með kærur út af niðurjöfnun dýrtiðargjaldsins, eftir lögum þessum, skal farið eins og kærur út af niðurjöfnun sveitarútsvara samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Heimildarlög þessi gilda til næsta reglulegs þings.